

Alþingi
Erindi nr. P 125/1845
komudagur 28.4.2000

Reyjavík 27. apríl 2000

Umsögn Félags ábyrgra feðra vegna frumvarps til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, 545. mál, kröfufyrning barnsmeðlaga.

Afrit af þessum tölvupósti er sent Baldvini Zario ritara, Guðmundi St. Ragnarssyni varaformanni og Ólafi Inga varamanni í stjórn Félags ábyrgra feðra. Þessi tölvupóstur er frumrit, PDF afrit af honum fylgir sem viðhengi og er þess óskað að það sé prentað til skjalaskráningar hjá Alþingi.

Af greinargerð með frumvarpinu er að skilja að ekki sé um nýtt stefnumótandi frumvarp að ræða heldur sé aðeins verið að skýra reglur og gera framkvæmanlegri. Hvorki er gert ráð fyrir að útgjöld ríkis eða meðlagsgreiðenda aukist eða minnki.

Félag ábyrgra feðra hefur enga skoðun á útfærsluatriðum á því hvernig tekið er á málum þegar þau eru komin í algert óefni eins og þetta frumvarp virðist snúast um.

Félag ábyrgra feðra hefur barist fyrir rétti barna til að eiga bæði móður og föður. Á sama tíma og félagið hvetur feður til að rækja vel skyldur sínar við börn sín, er það álit þess að oft sé efnalítum foreldum gert ókleift að rækja skyldur sínar vegna ósanngjarnra fjárfkra skattayfirvalda og Innheimtustofnunar.

Félagið vonast til að íslensk stjórnvöld taki sér önnur Norðurlönd til fyrirmyndar um að lækka meðlagsgreiðslur tekjulitilla foreldra og að hafa lögbundin barnameðlög og skattlagningu þeirra í hófi.

Félagið vill vekja athygli á því að á Íslandi er reynt að innheimta meðlagsgreiðslur af tekjulitlu og jafnvel tekjulausu fólki, án þess að þetta fólk hafi nein tók á að verða sér úti um fjármuni til að greiða þessi gjöld. - Þetta er mannréttindabrot!

Félagið hvetur Alþingismenn til að taka á þessu máli á mannúðlegan hátt en þó með reglum sem gildi fyrir alla, þannig að jafnræðisreglur séu ekki brotnar.

Þorgeir Sigurðsson, 140157 7249
formaður Félags ábyrgra feðra